



# Landslíkan Dreifilíkan á landsvísu - framhald

Nýtt dreifilíkan fyrir umferð á þjóðvegum  
til samanburðar við eldra líkan

Nóvember 2014

þekkingarleit -ar kv



árangur áran

virðing -ar, -ar kvk 1 ma

for|skot HK 1 frestur 2 forhlaup, sá munur sem keppandi



**13244**

S:\2013\13244\l\Greinagerð\13244\_141124\_Greinargerð.docx

**Nóvember 2014**

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	25.11.2014	GMH	HMÁ	SJ





## Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b>	<b>4</b>
1.1	Tilgangur og markmið	4
1.2	Bakgrunnur og forsaga	4
1.3	Fyrri áfangar	5
<b>2</b>	<b>Uppbygging líkans</b>	<b>6</b>
2.1	Veganet	6
2.2	Umferðarhraði	6
2.3	Umferðartalningar	7
2.4	Dreifing umferðar – aðferðafræði	8
<b>3</b>	<b>Framkvæmd og helstu niðurstöður</b>	<b>10</b>
3.1	Mat umferðar á talningarstöðum	10
3.2	Samanburður umferðarlíkans og umferðarbanka	13
3.3	Helstu niðurstöður	26
<b>4</b>	<b>Niðurstöður</b>	<b>27</b>
<b>5</b>	<b>Frekari rannsóknir</b>	<b>28</b>
<b>6</b>	<b>Heimildir</b>	<b>29</b>
<b>7</b>	<b>Viðauki</b>	<b>30</b>
7.1	Talningar	30

## 1 Inngangur

Árið 2012 fékk VSÓ Ráðgjöf styrk frá Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar til verkefnis sem nefndist *Landslíkan – dreifilíkan á landsvísu* sem fólst í að byggja upp dreifilíkan fyrir almenna umferð á þjóðvegum landsins. Lokaskýrslu þess verkefnis var skilað 2013 (VSÓ Ráðgjöf, 2013). Árið 2013 fékkst framhaldsstyrkur frá rannsóknarsjóðnum til að vinna áfram að þessu verkefni og þróa betur. Er þessi skýrsla afrakstur þeirrar vinnu.

Fyrir hönd VSÓ vann Grétar Mar Hreggviðsson að verkefninu. Frá Vegagerðinni komu að verkefninu þau Auður Þóra Árnadóttir og Friðleifur Ingi Brynjarsson frá umferðardeild Vegagerðarinnar auk þess sem Hersir Gíslason lagði til gögn úr landupplýsingakerfi Vegagerðarinnar.

### 1.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur verkefnisins er að byggja upp dreifilíkan fyrir almenna umferð sem nýtir gögn úr umferðarteljorum Vegagerðarinnar til að áætla umferð á þjóðvegum landsins, bæði á vegum þar sem gerðar hafa verið talningar og ekki síður á vegum þar sem ekki eru til talningar. Niðurstöður líkansins eru svo bornar saman við núverandi líkan Vegagerðarinnar, svokallaðan umferðarbanka til samanburðar.

Með nýju dreifilíkani umferðar er stefnt að því að fá heildstæðara yfirlit yfir umferð á þeim vegum sem umferðarteljarar eru ekki til staðar. Markmiðið er að skila nákvæmara mati á umferð fyrir alla þjóðvegi og vegkafla á landinu og að þær aðferðir sem hér er beitt geti í framtíðinni bætt núverandi aðferðir við áætlanir á dreifingu og magni umferðar. Afrakstur verkefnisins getur þannig bætt þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru í starfsemi Vegagerðarinnar þar sem fjallað er um umferðarmagn og samsetningu umferðar t.d. við arðsemismat, hönnun, viðhald og áætlanagerð.

Meginmarkmið þessa framhaldsverkefnis er að bæta eldra líkan, þ.e. líkanið frá 2012, og bæta enn frekar mat á umferð. Til að ná því markmiði er lögð áhersla á fínstillingar líkansins til að ná sem bestri samsvörun við umferðartalningar. Einnig verða teknar inn í líkanið nýjar talningar sem gefa betri mynd af umferðinni, t.a.m. hafa bæst við talningar á nokkrum vegum þar sem ekki voru talningar áður, og mun það að öllum líkindum bæta niðurstöður líkansins talsvert.

### 1.2 Bakgrunnur og forsaga

VSÓ Ráðgjöf hefur mikla reynslu af þróun umferðarlíkana. Árið 2004 veitti Rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar VSÓ styrk til að byggja upp nýtt umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið sem skyldi leysa af hólmi eldra líkan. Afrakstur þeirrar vinnu var umferðarlíkan sem gaf nákvæmari niðurstöður en áður voru dæmi um hér á landi. Síðan þá hefur líkanið verið í stöðugri þróun. Umferðarlíkanið var notað við gerð aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 þar sem umferðarlíkani var í fyrsta skipti markvisst beitt til að móta valkosti. Líkanið hefur líka verið notað við umferðarspár í tengslum við endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 sem stendur yfir þegar þetta er skrifað.

Í verkefninu *Þungaumferð á þjóðvegum* (VSÓ Ráðgjöf, 2011), sem rannsóknarsjóður Vegagerðarinnar styrkti, var þróuð aðferðafræði til að laga flokkun umferðar í umferðargreinum Vegagerðarinnar betur að samsetningu íslenskrar umferðar. Hluti þess verkefnis snéri að því að meta dreifingu þungaumferðar með hjálp umferðarlíkans. Í þeim áfanga var þróað umferðarlíkan sem nýtti umferðartalningar til að leggja mat á þungaumferð á öllu vegakerfinu og gaf þetta líkan heildstæðara og áreiðanlegra yfirlit yfir þungaumferð á stærrum vegum en áður hefur verið til. Út frá þessu verkefni kviknaði sú hugmynd að svipaða aðferð mætti nota til að leggja mat á almenna umferð, sem einnig næði til þeirra vega og vegkafla sem eru án umferðarteljara.

### 1.3 Fyrri áfangar

Í fyrri áfanga þessa verkefnis *Dreifilíkan á landsvísu* (VSÓ Ráðgjöf 2013) var byggð upp fyrsta útgáfa dreifilíkans fyrir þjóðvegakerfið. Niðurstöður þess verkefnis sýndu að vel er hægt að nota umferðarlíkan til að meta magn almennrar umferðar á öllu vegakerfinu. Samkvæmt niðurstöðum líkansins, þegar talningarstaðirnir voru skoðaðir sérstaklega, var niðurstaða líkans meðalprósentsfrávik uppá 4% frá talningum og meðalfrávik uppá 20 bíla.

Samanburður niðurstaðna umferðarlíkans við umferðarbanka Vegagerðarinnar gaf einnig góða niðurstöðu, en á 26% af öllum vegaköflum reyndist mismunur milli líkans og banka vera undir 10 bílum og á 73% vegakafla var mismunurinn undir 100 bílum. Á einungis tæplega 5% vegakafla reyndist mismunur milli líkans og banka vera yfir 1000 bílum og í langflestum tilvikum voru þeir kaflar við stærri þéttbýlisstaði (Akureyri, Mosfellsbæ, Selfoss, Borgarnes, Egilsstaði o.fl.)

## 2 Uppbygging líkans

Uppbyggingu og aðferðarfræði við notkun líkansins er lýst ítarlega í skýrslunum *Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins - Rannsóknarverkefni fyrir Vegagerðina 2005* (VSÓ Ráðgjöf 2005) og *Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins - Rannsóknarverkefni fyrir Vegagerðina 2006* (VSÓ Ráðgjöf 2007). Þessar skýrslur eru aðgengilegar á vef Vegagerðarinnar. Í þessari greinargerð verður því látið nægja að fjalla um aðalatriði þeirrar vinnu sem er lýst í áður nefndum skýrslum og þeim viðbótum sem gerðar hafa verið í tengslum við þessa vinnu. Að öðru leyti er vísað í áður nefndar skýrslur til nánari glöggvunar.

### 2.1 Veganet

Í verkefninu um *Þungaumferð á þjóðvegum* (VSÓ Ráðgjöf 2011), sem er upphafið að þessu verkefni, var byggt upp líkan af þjóðvegakerfinu út frá vegabekju úr landupplýsingakerfi Vegagerðarinnar. Í gatnaneti höfuðborgarsvæðisins var því einungis að finna stofnbrautir og af þeim sökum var nokkur skekkja frá talningum í útjöðrum höfuðborgarsvæðisins þar sem líkanið hafði takmarkaða möguleika til að dreifa umferðinni.

Í fyrri hluta þessa verkefnis *Dreifilíkan á landsvísu* (VSÓ Ráðgjöf 2013) var lögð umtalsverð vinna í að byggja upp nýtt veganet fyrir líkanið. Þar var annars vegar byggt á vegabekju úr landupplýsingakerfi Vegagerðarinnar frá 2011 og hins vegar á gatnaneti úr umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins frá 2010 sem gefur líka möguleika á að nýta þær fjölmörgu umferðartalningar sem umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins byggir á. Þessi net voru sameinuð líkt og lýst er í skýrslu og þannig myndað samfellt veganet fyrir allt landið. Veganetið inniheldur reyndar ekki innanbæjargötur þéttbýlisstaða á landsbyggðinni enda væri takmarkað gagn af því þar sem engar innanbæjartalningar utan höfuðborgarsvæðisins voru til staðar fyrir þetta verkefni. Hins vegar er tiltölulega lítið mál að bæti inn í líkanið götum þéttbýlisstaða seinna meir ef innanbæjartalningar verða gerðar.

Í þessu verkefni er áfram byggt á sama veganeti og í fyrra verkefni. Hins vegar var fengin ný vegbekja úr landupplýsingakerfi Vegagerðarinnar og var veganet líkansins uppfært miðað við hana. Þar var þó einungis um smávægilegar breytingar að ræða. Veganet líkansins á því að endurspeglar núverandi veganet landsins mjög vel.

### 2.2 Umferðarhraði

Umferðarhraði í frjálsu flæði (e. free-flow speed) var skilgreindur sem skiltaður hámarkshraði. Upplýsingar um hámarkshraða á þjóðvegakerfinu eru fengnar úr landupplýsingakerfi Vegagerðarinnar. Þar voru upplýsingarnar unnar út frá slitlagi vega og þeim hraðaskiltum sem upplýsingar eru til um hjá Vegagerðinni. Upplýsingar um skiltaðan hraða eru mismunandi góðar en gefa þó sennilega bestu mögulegu mynd af leyfðum hraða á vegum.

Eðlilega er skiltaður hraði víða óraunhæfur sem umferðarhraði. Það hefur þó ekki áhrif í þessu umferðarlíkani þar sem líkanið notar hraðann fyrst og fremst til að áætla leiðaval. Á ýmsum vegum hefur umferðarhraðinn verið lækkaður niður fyrir skiltaðan hraða til að stilla líkanið af og beina leiðavalinu í rétta átt miðað við talningar. Þar má nefna vegi einsog Öxi, Hellisheiði eystri, Þorskafjarðarheiði o.fl.

## 2.3 Umferðartalningar


Umferðartalningar eru fengnar frá Friðleifi Inga Brynjarssyni hjá Vegagerðinni og er um að ræða talningar fyrir árið 2012 ásamt staðsetningu og gerð teljara. Staðsetningu þeirra má sjá á mynd 2.1. Einnig eru notaðar 2011 talningarnar úr fyrri hluta verkefnisins fyrir þá vegkafla sem ekki er til talning fyrir frá 2012. Í viðauka má sjá lista yfir þær talningar sem byggt var á í þessu verkefni.

Talningarnar sem byggt er á eru af tvennu tagi, fastar talningar og skynditalningar, og mikilvægt er að gera greinarmun á þessu tvennu. Fastar talningar eru frá umferðarteljurum sem telja meira og minna allt árið. Skynditalningar hins vegar ná einungis yfir 3 vikna tímabil þegar þær fara fram og langur tími getur liðið á milli talninga. Þær eru svo uppreiknaðar fyrir allt árið samkvæmt gefnum forsendum. Skynditalningar eru þannig mun ónákvæmari heldur en fastar talningar en gefa engu að síður mikilvægar upplýsingar. Skynditalningar fá af þessum sökum minna vægi í líkaninu heldur en fastar talningar.

Nauðsynlegt er að hafa þéttriðið net talninga þar sem umferðin er mest til að endurspegla sem best núverandi ástand. Auk talninga frá Vegagerðinni voru því teknar inn í líkanið talningar úr umferðarlíkani höfuðborgarsvæðisins. Þar er um að ræða eldri talningar sem teknar voru saman fyrir grunnárlíkan ársins 2010. Þeim talningum er þó gefið minna vægi en nýrri talningum og þjóna þær fyrst og fremst þeim tilgangi að jafna umferðarflæði kringum höfuðborgarsvæðið.

Grunnárslíkan höfuðborgarsvæðisins frá 2010 skilaði mjög góðri niðurstöðu og því tilvalið að nota talningar úr því líkani til að bæta og styrkja grunn þessa líkans. Þetta eru talningar fyrir 666 götur og götukafla af höfuðborgarsvæðinu, flestar frá árunum 2008-2010. Þessum talningum er hins vegar gefið minna vægi í líkaninu og er megin tilgangurinn með því að hafa þær með sá að ná sem jöfnustu umferðarflæði kringum höfuðborgarsvæðið en í fyrstu útgáfu þessa dreifilíkans (VSÓ 2011) voru hvað stærstu frávikin í og við höfuðborgarsvæðið. Ekki er þó ætlunin að nota þetta líkan til að greina umferð innan höfuðborgarsvæðisins, til þess er umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins mun öflugra. Hér er einungis horft á umferð á stærstu stofnbrautum höfuðborgarsvæðisins.





Mynd 2.1 Staðsetning umferðarteljara sem voru í notkun árið 2012 og byggt er á í þessu verkefni.

## 2.4 Dreifing umferðar – aðferðafræði

Í fyrri skýrslu var fjallað nokkuð ítarlega um dreifingu umferðar með umferðarlíkani og þá aðferðafræði sem þar var beitt. Hér er því vísað í skýrsluna *Dreifilíkan á Landsvísu* (VSÓ Ráðgjöf 2013) til nánari glöggvunar.

Þegar rætt er um dreifingu umferðar eða ákvörðun umferðarmagns er oft talað um kortlagningu umferðar. Umferð er kortlögð út frá talningum með svokölluðu mati á umferðarmagni (e. Traffic estimation - stundum nefnt estimering á vondu máli). Það er stærðfræðilegt ferli sem byggir á því að umferð er dreift á tiltekið gatnanet og með ítrunum reynt að nálgast talningar einsog kostur er.

Sú aðferð sem notuð er í þessu líkani kallast MPME aðferð (e. Multiple path matrix estimation) sem er sú aðferð hefur reynst hvað best til að kortleggja umferð út frá umferðartalningum. Inn í MPME aðferðinni er notuð slembin aðferð við leiðaval sem kallast *Stochastic User Equilibrium* og er almennt talin raunhæfasta leiðavalsaðferðin. Hún byggir á þeirri forsendu að vegfarendur hafi ekki endilega fullkomna þekkingu á vegakerfinu og velji því mögulega lengri leiðir. Þannig notfærir líkanið sér ekki eingöngu stystu leiðir milli staða heldur líka næststystu leiðirnar, sem er í betra samræmi við það sem gerist í raunveruleikanum.

Auk umferðartalninga notar aðferðin svokallað grunnfylki (e. Base matrix) sem er þá nokkurs konar byrjunarreitur kortlagningarinnar. Grunnfylkið inniheldur alla upphafs- og endapunkta og getur innihaldið fjölda ferða milli þessara punkta. Grunnfylkið getur verið t.d. eldra ferðafylki (ef það er til) eða innihaldið niðurstöður úr ferðavenjukönnun. Grunnfylkið gefur því vísbendingar um ferðamynstrið um gatnanetið. Ef engar slíkar upplýsingar eru fyrir hendi er notað svokallað núllfylki (grunnfylki sem inniheldur einungis

núll) en þá þarf því að fjölga ítrunum talsvert til að eiga möguleika á að ná svipaðri nálgun við umferðartalningar. Engar ferðavenjukannanir hafa verið gerðar á landsvísu sem hægt er að byggja á í þessu verkefni og því er byrjað með tómt grunnfylki.

Í fyrra verkefninu var nokkuð ítarlega fjallað um MPME aðferðina sem notuð er til að dreifa umferðinni á veganetið. Þar kemur fram að ein grunnforsenda aðferðarinnar er að talningar eru meðhöndlaðar sem slembnar breytur og geti því innihaldið innbyrðis ósamræmi. Flestar eldri aðferðir sem notaðar hafa verið til að kortleggja umferð út frá umferðartalningum byggja á því að talningar séu villulausar eða fullt samræmi sé milli talningarstaða, þ.e. talningarnar séu það sem kallað er *löggengar* breytur (e. deterministic). Þetta er mikilvægt atriði því stundum er tilhneigingin sú að líta á umferðartalningar sem hinn endanlega sannleik. Í þessu verkefni er unnið með ársdagsumferð (ÁDU) sem er meðalsólarhringsumferð yfir árið. Sumar talningarnar koma frá föstum talningarstöðum þar sem talið er allt árið og aðrar talningar frá stöðum þar sem talið er í skemmri tíma og umferðin svo uppreiknuð fyrir árið. Þó svo að allir teljarar telji umferðina rétt upp á hvern einasta bíl er samt útilokað að fullt samræmi sé milli allra talningarstaða, ekki síst í tilvikum einsog hér þar sem horft er á allt þjóðvegakerfið. Af þessum sökum er nauðsynlegt að stilla líkanið af fyrir talningarstaðina til að ná sem bestri nálgun við talningar áður en farið er að horfa á aðra vegi þar sem umferðartalningar eru ekki til staðar.

### 3 Framkvæmd og helstu niðurstöður

Í þessum hluta verkefnisins var veganet uppfært, umferðarhraði, ferðakostnaður o.fl. fínstillt og fleiri umferðartalningar teknar inn í líkanið. Notast var við MPME aðferðina til að dreifa umferðinni á veganetið líkt og í fyrri verkefninu og eru henni gerð nánari skil í 2. kafla. Líkt og þar er vikið að meðhöndlar líkanið talningar sem slembnar breytur og því geti verið innbyrðis ósamræmi milli talningarstaða en flestar eldri aðferðir sem notaðar hafa verið byggja á því að talningar séu villulausar eða samræmdar. Þannig getur aðferðin leitt í ljós misræmi í talningum.

Þessi næmni líkansins er mikilvægur eiginleiki en það þýðir hinsvegar að nokkur vinna er að stilla líkanið af til að gefa sem besta nálgun við talningarstaðina. Hægt væri að fara þá leið að láta líkanið treysta talningunum 100% en þá tapast þessi næmni líkansins og þá hefði þessi aðferð lítið fram yfir aðferðir núverandi umferðarbanka. Af þessum sökum er nauðsynlegt að stilla líkanið af fyrir talningarstaðina til að ná sem bestri nálgun við talningar áður en farið er að horfa á aðra vegi þar sem umferðartalningar eru ekki til staðar. Hér er farin sú leið, eins og í fyrri hluta verkefnisins, að skoða fyrst umferðina á talningarstöðunum áður en farið er í samanburð við umferðarbanka.

#### 3.1 Mat umferðar á talningarstöðum

Í fyrri verkefninu fékkst mjög ásættanleg nálgun við umferð á talningarstöðum. Fyrir alla talningarstaði reyndist meðalfrávik líkans frá umferðartalningum vera einungis 20 bílar og mesta frávik 242 bílar á Sandgerðisvegi. Meðalprósentsfrávik reyndist vera 4,0% og mesta prósentsfrávik 35% sömuleiðis á Sandgerðisvegi. Helstu niðurstöður þessa verkefnis eru teknar saman í töflu 3.1. Þar má sjá að meðalfrávik reiknaðrar umferðar á talningarstöðum hefur lækkað úr 20 bílum í 12 bíla og mesta frávik er nú 86 bílar en var áður 242 bílar. Meðalprósentsfrávik er nú 1,7% í stað 4,0% áður og mesta prósentsfrávik er 13% en var 35% í fyrri verkefni.


Tafla 3.1: Frávik reiknaðrar umferðar skv. umferðarlíkan frá umferð á talningarstöðum árið 2012

	Niðurstöður	Fyrri verkefni til samanburðar
Meðalfrávik	12 bílar	20 bílar
Mesta frávik	86 bílar (Akrafjallsvegur 1-g1)	242 bílar (Sandgerðisvegur 429-02)
Meðalprósentsfrávik	1,7%	4,0%
Mesta prósentsfrávik	13% (Klofningsvegur 590-01)	35% (Sandgerðisvegur 429-02)

Þetta verður að teljast mjög góð bæting í líkaninu og mun betri nálgun við umferðartalningarnar en náðist í fyrri hluta verkefnisins. Mesta frávik lækkar um 156 bíla eða tæp 65% og mesta prósentsfrávik lækkar um 22 prósentsstig.

Það er tvönnu sem má þakka þessa miklu bætingu. Annarsvegar var lögð mikil vinna í fínstillingu líkansins, m.a. með því að yfirfara aksturshraða á veganeti líkansins þannig hann endurspeglar eins og kostur er raunverulegan aksturshraða. Líkanið er mjög næmt fyrir breytingum á aksturshraða og er það sá þáttur sem ræður hvað mestu um leiðaval. Hitt atriðið sem þakka má þessa bætingu eru nýjar talningar en í 2012 gögnunum hafa bæst við talningar á nokkrum vegum sem voru með talsverð frávik í fyrri verkefninu. Þar má sérstaklega nefna Sandgerðisveg (429-02) sem var áður með verulegt frávik, eins og kemur fram í töflu 3.1. Nú er frávik á Sandgerðisvegi einungis um 0,5% sem þakka má nýjum talningum sem framkvæmdar voru þar árið 2012 og teknar eru með í þessa reikninga nú.

Á mynd 3.1 er dreifing frávíka reiknaðrar umferðar frá talningum sett fram í stuðlariti. Samskonar mynd var sett fram í fyrri skýrslu og sjá má að frávikin spanna mun þrengra bil nú en áður og flest frávikin nú eru á bilinu -1% til 1%.



Mynd 3.1 Reiknuð voru frávik í niðurstöðum líkans frá talningum. Hér er sýnd dreifing frávíka. Sjá má að langflest frávik eru á bilinu -1% til 1%.

Í töflu 3.2 eru sett fram 10 stærstu tölulegu frávik frá talningum. Í hverju tilfalli er jafnframt sýnt hlutfallslegt frávik til samanburðar. Þannig má t.d. sjá að hæsta tölulega frávik frá (86 bílar á Akrafellsvegi) er þó aðeins 3,8% hlutfallslegt frávik.

**Tafla 3.2: 10 stærstu tölulegu frávik reiknaðrar umferðar skv. umferðarlíkani frá umferðartalningum**

Kafli	Lýsing	ADU 2012	Umferð 2012 skv. líkani	Tölulegt frávik	Hlutfallslegt frávik
51-01	Akrafjallsvegur: Vestan hringtorgs norðan jarðganga	2.281	2.195	86	3,8%
1-p5	Hringvegur: 2,7km austan Ólafsfjarðarvegur	2.404	2.482	78	3,3%
1-p4	Hringvegur: 1,6km vestan Ólafsfjarðarvegur	1.198	1.274	76	6,3%
1-d2	Hringvegur: Við Þingborg austan Selfoss	3.626	3.550	76	2,1%
36-11	Þingvallavegur: Við Leirvogsvatn	1.050	1.125	75	7,1%
1-b7	Hringvegur: Við Steina undir Eyjafjöllum	771	838	67	8,6%
413-01	Breiðholtsbraut: Austan Jaðarsels	13.606	13.672	66	0,5%
61-40	Djúpvvegur: Við Hafrafell	915	853	62	6,8%
99-01	Hafnarvegur: Við Hringveg	1.143	1.083	60	5,2%
1-f6	Hringvegur: 200m sunnan Hvalfjarðarvegur í Dalsmynni	5.556	5.497	59	1,1%

Í töflu 3.3 eru sett fram 10 stærstu hlutfallslegu frávik frá talningum. Í hverju tilfalli er jafnframt sýnt tölulegt frávik til samanburðar. Þannig má t.d. sjá að hæsta hlutfallslega frávik frá talningum (13,3% á Klofningsvegi) er aðeins 9 bílar. Hafa ber í huga að hlutfallsleg frávik geta verið svolítið tvíeggjuð þegar kemur að samanburði, því umferðarlitlir vegir geta sýnt mjög hátt hlutfallslegt frávik frá talningum þrátt fyrir að raunverulegt (tölulegt) frávik sé kannski bara nokkrir bílar. Einsog sjá má á töflu 3.3 eru flestir af þeim 10 vegum sem hafa hæst hlutfallslegt frávik mjög umferðarlitlir vegir.

**Tafla 3.3: 10 stærstu hlutfallsleg frávik reiknaðrar umferðar frá talningum**


Kafli	Lýsing	ADU 2012	Umferð 2012 skv. líkani	Hlutfallslegt frávik	Tölulegt frávik
590-01	Klofningsvegur: Við Vestfjarðaveg	70	79	13,3%	9
60-41	Vestfjarðavegur: Við Ketilseyri í Dýrafirði.	171	189	10,4%	18
939-02	Axarvegur: Við veðurstöð	87	78	10,3%	9
1-b7	Hringvegur: Við Steina undir Eyjafjöllum	771	838	8,6%	67
35-07	Biskupstungnabraut: 200m sunnan Laugarvatnsvegur hjá Múla	420	454	8,2%	34
60-34	Vestfjarðavegur: Austan Barðastrandarv., austan Vatnsdalsár	96	88	7,9%	8
61-35	Djúpvvegur: Í Álfafirði við Hattareyri	187	172	7,8%	15
36-04	Þingvallavegur: Gjábakki	760	814	7,2%	54
36-11	Þingvallavegur: Við Leirvogsvatn	1.050	1.125	7,1%	75
96-02	Suðurfjarðavegur: Sunnan Norðfjarðarvegur	589	547	7,1%	42

Af þessu má sjá að líkanið nær mjög góðri nálgun við umferðartalningar og styrkir það grunn þess við mat á umferð á öllu þjóðvegakerfinu.

### 3.2 Samanburður umferðarlíkans og umferðarbanka

Besta leiðin til að bera niðurstöður líkansins saman við umferðarbankann er myndræn samanburður. Til samanburðar við fyrra verkefni eru sett hér fram kort af sömu svæðum og þar var gert, til að varpa ljósi þá bættingu sem orðið hefur í líkaninu. Þannig er hægt að bera saman og sjá það sem áunnist hefur. Í eftirfarandi kortum er veganetið frá Vegagerðinni, aðrar landfræðiupplýsingar eru byggðar á gögnum frá Landmælingum Íslands.

Mynd 3.1 sýnir samanburð fyrir vegi í norðurjaðri höfuðborgarsvæðisins og áleiðis til Þingvalla. Vegurinn um Mosfellsdal kemur mjög vel út og sjá má hvernig líkanið nær að dreifa umferðinni mun betur en umferðarbankinn. Vesturlandsvegurinn er líka mjög sannfærandi nema rétt í gegnum Mosfellsbæ. Þar þyrfti að fá innanbæjartalningar til að líkanið geti betur dreift umferðinni þar. Mosfellsdalurinn kom ekki nógu vel út í fyrra verkefninu en er nú mun betri.




Mynd 3.1 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi á norðanverðu höfuðborgarsvæðinu og í Mosfellsdal áleiðis til Þingvalla. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.

Mynd 3.2 sýnir samanburð fyrir vegi við Hvammsfjörð, nyrsta hluta Bröttubrekku og Holtavörðuheiðar og vegi fyrir botni Hrutafjarðar. Þetta svæði kom nokkuð vel út í fyrra verkefninu en hefur batnað talsvert. Líkanið dreifir hér umferðinni mjög sannfærandi um Hringveginn og um Laxárdalsheiði.

Klofningsvegur er líkaninu svolítið erfiður, sem áður, en eina talningin þar er rétt vestan Vestfjarðavegar. Talning utar á nesinu myndi leysa þetta en auðvitað er þetta það lítil umferð að vafamál er hvort borgi sig að eltast við það.

Vegurinn um Skógarströnd áleiðis vestur til Stykkishólms kemur vel út en Heydalavegur, sem liggur milli Skógarstrandar og Mýra, er nokkuð lægri í líkaninu heldur en í bankanum. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að Heydalavegur er malarvegur með lægri hámarkshraða og því seinfarnari. Samkvæmt líkaninu er það því síðri leið heldur en t.d. Vatnaleið.



Mynd 3.2 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi fyrir botni Hvammsfjarðar og Hrutafjarðar. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.

Mynd 3.3 sýnir vesturhluta Snæfellsness. Þarna koma vegir almennt mjög vel út. Helstu skekkjur eru kringum þéttbýlisstaðina og á Útnesvegi milli Arnarstapa og Hellissands. Talning í námunda við Hellna myndi leiðrétta þetta misræmi.

Væntanlega er nokkur innanbæjarumferð í Snæfellsbæ milli Ólafsvíkur, Rífs og Hellissands sem líkanið nær ekki að líkja eftir því eins og sjá má er mikið misræmi milli líkans og banka á þessum slóðum. Samkvæmt upplýsingum frá Friðleifi Inga byggir umferðin milli þessara staða á gamalli skynditalningu sem framkvæmd var árið 2004 en þá var ÁDU áætlað 800 bílar á sólarhring. Þessi tala hefur svo verið framreiknuð út frá föstum talningarstað í nágrenninu. Oft byggist upp skekkja þegar langur tími líður milli talninga en hins vegar var skynditalið á þessum slóðum síðastliðið sumar (árið 2014) og gaf sú talning að umferðin sé 975 bílar á sólarhring þannig tölur umferðarbankans eru mjög nærri lagi. Líkanið nær hins vegar ekki að draga fram þessa dreifingu á umferðinni.

Umferðin skiptist hins vegar mjög vel milli Snæfellsnesveggar og Vatnaleiðar annars vegar og Snæfellsnesveggar og Fróðárheiðar hins vegar.




Mynd 3.3 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi á Snæfellsnesi. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.



Mynd 3.4 sýnir samanburð á vegum við Blönduós, Langadal og yfir í Skagafjörð. Hér er á flestum vegum nokkuð gott samræmi milli líkans og banka. Þrátt fyrir að líkanið sé heldur undir tölum umferðarbankans á þjóðvegi 1 sunnan við Blönduós er niðurstaðan samt langtum betri en í fyrra verkefninu hvar næstum helmingismunur var. Ástæða þess mismæmis var að líkanið vildi senda stóran hluta umferðarinnar um Svínavatnsleið enda sú leið nokkru styttri. Nú er Svínavatnsleið hins vegar í mjög góðu samræmi við talningar.

Einnig er nokkur munur á þjóðvegi 1 um Vatnsskarð. Það helgast af því að talning við Varmahlíð (831 bílar ÁDU) er umtalsvert hærri heldur en talningin á Vatnsskarði (766 bílar ÁDU) og líkanið á í erfiðleikum með að dreifa mismuninum þar á milli. Það er væntanlega innansveitarumferð kringum Varmahlíð sem skýrir mismuninn á talningunum og líkanið nær ekki að líkja nægjanlega vel eftir því. Svipaða sögu er að segja af Skagfirðingabraut milli Varmahlíðar og Sauðárkróks, en þar eykst skekkjan eftir því sem nær dregur Sauðárkróki og þar er innansveitarumferðin farin að hafa áhrif. Vegir í Skagafirði koma engu að síður mun betur út nú en í fyrri áfanga.




Mynd 3.4 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi Húnaþingi og í Skagafirði. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.

Mynd 3.5 sýnir samanburð vega í Eyjafirði norðan Akureyrar. Hér er almennt nokkuð gott samræmi milli líkans og banka. Líkanið ofreiknar þó aðeins umferð á þjóðvegi 1 í Hörgárdal sem skýrist að mestu leyti af því að líkanið sendir alla umferðina eftir þjóðveginum en reiknar enga umferð á vegin norðan Hörgár þar sem bankinn reiknar 157 bíla. Ef horft er á talningarþversnið um Hörgárdal má sjá að mjög gott samræmi er milli líkans og banka.

Í gegnum Akureyri er líkt og í fyrra verkefninu ekkert samræmi milli líkans og banka. Þarna vantar sárlega innanbæjartalningar til að líkanið geti stillt sig af og metið umferðina gegnum bæinn. Þó er Hlíðarfjallsvegur alveg á pari við talningu sem þar er.

Grenivíkurvegur sem var til vandræða í fyrra verkefninu kemur nú mun betur út.



Mynd 3.5 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi í Eyjafirði, í Hörgárdal og austur að Ljósavatni. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.


Mynd 3.6 sýnir samanburð fyrir vegi fyrir botni Þistilfjarðar, frá Þórshöfn áleiðis vestur að Hófaskarði. Rétt sunnan Þórshafnar er talning uppá 256 bíla og svo er talning við Fremri-Háls á Norðausturvegi uppá 77 bíla. Samræmi á talningarstöðunum er mjög gott og líkanið jafnar nokkuð vel út mismuninn á kaflanum á milli talninganna. Hins vegar er líklegt að eitthvað af innanbæjarumferð Þórshafnar lendi inn á teljarann innan við bæinn og því gefi þessi talning ekki alveg rétta mynd af umferðinni á veginum inn að Leirá í botni Þistilfjarðar.



Mynd 3.6 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi í botni Þistilfjarðar. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.

Myndir 3.7 sýnir samanburð fyrir vegi á Fljótsdalshéraði norðan Egilsstaða og áleiðis á Borgarfjarðar eystri. Eiðavegur og Borgarfjarðavegur koma hér mjög vel út, sem og Hlíðarvegur. Talning er á Hlíðarvegi við Fossvelli uppá 77 bíla og svo er talning á Hellisheiði eystri uppá 17 bíla (sem reyndar sést ekki á þessari mynd). Líkanið er alveg á pari við þessar talningar og dreifir umferðinni út Jökulsárhlíð mjög vel. Þetta er mikil framför frá fyrra verkefninu þar sem líkanið vildi senda of mikla umferð um Hlíðarveg og yfir Hellisheiði vegna þess að sú leið er mun styttri en leiðin um Vopnafjarðarheiði.

Jökuldalurinn kemur hins vegar ekki alveg eins vel út. Ástæða þess er nokkur vegalengd milli talningarstaða, en teljari er staðsettur rétt norðan Fellabæjar (487 ÁDU) og næsta talning ekki fyrr en nokkru ofan Gilsár áleiðis að Hárekstaðaleið (273 ÁDU). Talning á Þjóðvegi 1 í námunda við Jökulsárbrú myndi leysa þetta.




Mynd 3.7 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi á Fljótsdalshéraði norðan (utan) Egilsstaða og áleiðis til Borgarfjarðar eystri. Grænar tölur eru svk. umferðarbanka en bláar svk. umferðarlíkani.

Mynd 3.8 sýnir samanburð fyrir vegi á ofanverðu Fljótsdalshéraði, þ.e. sunnan Egilsstaða (reyndar er aldrei talað um „suður“ á Héraði, bara norður og austur). Myndin sýnir vegi upp með Lagarfljóti og áleiðis inn að Kárahnjúkum. Einnig sýnir myndin tölur fyrir þjóðveg 1 um Skriðdal, veg um Fagradal niður á Reyðarfjörð og áleiðis í Neskaupstað og veg um Fjarðarheiði niður á Seyðisfjörð.

Þjóðvegur 1 um Velli og upp Skriðdal kemur mjög vel út og er lítill munur þar á líkani og banka.

Vegur inn Velli og um Hallormsstað upp í Fljótsdal kemur hins vegar ekki eins vel út og ekki heldur Upphéraðsvegur frá Fellabæ, inn Fell og Fljótsdal (vegurinn norðan Lagarfljóts). Engin umferð reiknast á síðarnefnda veginn sem skýrist af því að talningu vantar á þann veg. Líkanið sendir alla umferðina leiðina um Velli enda sú leið með hærri hámarkshraða og bundnu slitlagi og því velur líkanið frekar þá leið. Hins vegar ef horft er á umferðina í sniði yfir Lagarfljót (samanlögð umferð um Fell og Velli) þá er heildarumferðin nánast sú sama. Samkvæmt Vegagerðinni var framkvæmd skynditalning á þessum vegi fyrir nokkrum árum en þá talningu vantar í þau gögn sem unnið var með í þessu verkefni. Umferðarbankinn er því líklega nokkuð réttur á þessum vegi og eftir á að hyggja hefði sennilega mátt byggja líkankeyrslur á umferðartölum úr bankanum.


Umferð um Fagradal og áleiðis í Neskaupstað kemur mjög vel út og mun betur í fyrra verkefninu.



Mynd 3.8 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi á Fljótsdalshéraði sunnan (ofan) Egilsstaða. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.


Mynd 3.9 sýnir samanburð fyrir vegi um suðurfirði, frá Reyðarfirði og að Álftafirði. Flestir vegir koma hér mjög vel út. Þó líkanið sé líttilega undir talningu á veginum um Öxi er þar samt um verulega bætingu að ræða frá fyrra verkefni þar sem líkanið ofreiknaði umferð um ríflega 60%.

Sjá má að engin umferð reiknast út Reyðarfjörð um Vattarnesskriður. Það er fyrst og fremst vegna þess að talningu vantar á þann veg og því ekkert sem togar umferðina þá leiðina. Ef lagðar eru saman tölur umferðarbankans um umferð um Fáskrúðsfjarðargöng og út Reyðarfjörð fæst nánast sama tala og líkanið áætlað umferðina um göngin. Því myndi talning á veginum út Reyðarfjörð leiðrétta þetta.




Mynd 3.9 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi um suðurfirði Austurlands. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.

Mynd 3.10 sýnir samanburð fyrir þjóðveg 1 frá Fagurhólsmýri og vestur fyrir Kirkjubæjarklaustur. Hér er mjög gott samræmi milli líkans og banka og kemur þetta svæði talsvert betur út en það gerði í fyrra verkefninu. Líkanið nær reyndar ekki að líkja eftir því stökki sem verður í tölum bankans kringum Kirkjubæjarklaustur líkt og kringum fleiri þéttbýlisstaði á landinu.



Mynd 3.10 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi milli Kirkjubæjarklausturs og Fagurhólsmýrar. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.

Mynd 3.11 sýnir samanburð fyrir þjóðveg 1 milli Kirkjubæjarklausturs og Skóga. Samræmi á talningarstöðum er hér mjög gott, bæði á Mýrdalssandi og í Eldhrauni. Hins vegar má sjá að misræmi líkans og banka eykst nokkuð vestan Skóga. Ástæða þess er sú að á þessum kafla nær líkanið ekki alveg að líkja eftir þeirra umferðarukningu sem verður þegar nær dregur suðurlandinu. Talning er við Markarfljótsbrú uppá 940 bíla sem togar upp reiknaða umferð líkansins á veginum undir Eyjafjöllum.



Mynd 3.11 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi Skóga og Kirkjubæjarklausturs. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.




Mynd 3.12 sýnir samanburð fyrir vegi á suðurlandi, í Flóanum, Árborg og Helliheiði áleiðis til Reykjavíkur. Hér á líkanið auðveldara með að dreifa umferðinni í takt við talningar, enda bæði fleiri talningar og fleiri leiðir um að velja.

Þjóðvegur 1 kemur hér mjög vel út sem og flestir aðrir vegir.

Eyrarbakkevegur og vegur um Óseyrarbrú koma mjög vel út. Hér er um verulega bætingu að ræða frá fyrra verkefni, þar sem Suðurlandsvegur, frá Helliheiði og austur fyrir Þjórsá, kom frekar illa út.


Þorlákshafnarvegur (38) milli Hveragerðis og Þrengslavegar kemur hins vegar ekki vel út miðað við umferðarbankann (426 bílar skv. banka á móti 168 bílum í líkani). Hins vegar var engin talning á þessum vegkafla í umferðarbankanum frá 2012 þannig líkanið á erfitt með að dreifa umferðinni rétt. Samkvæmt Friðleifi Inga var framkvæmd skynditalning á þessum vegi árið 2013 sem gaf ÁDU 451 bíla/sólarhring. Líkanið er því nokkuð fjarri raunveruleikanum en það mun að öllum líkindum leiðréttast með nýjum talningum.



Mynd 3.12 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani fyrir vegi á Suðurlandi, frá Helliheiði og austur fyrir Þjórsá. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.

Mynd 3.13 sýnir samanburð fyrir vegi yst á norðanverðu Reykjanesi. Hér koma flestir vegir mjög vel út. Helsta mismæmið milli líkans og banka á þessu svæði er innan þéttbýlisstaðanna eins og víða annarsstaðar. Þetta svæði kemur mun betur út heldur en í fyrri hluta verefnisins (sjá mynd 3.19 í fyrri skýrslu). Því má að miklu leyti þakka nýjum talningum sem bæst hafa við (m.a. á Miðnesheiðarvegi) sem gera líkaninu auðveldara um vik að dreifa umferðinni.

Í fyrra verkefninu var stærsta frávikíð frá talningum 35,2% á Sandgerðisvegi (429) en frávikíð þar núna er einungis 0,3% eða 4 bílar. Í fyrra verkefninu var reiknuð umferð líkansins á Hafnavegi (44) ríflega tvöfalt hærrí en umferðarbankinn en nú er mjög gott samræmi þar á milli, enda var talið á Hafnavegi árið 2012 og þar eru því nýjar talningar. Sömu sögu er að segja um Garðskagaveg (45) en þar eru líkanið og bankinn nánast samhljóða enda var talið á öllum vegköflum Garðskagavegar árið 2012.



Mynd 3.13 Samanburður á umferðarbanka og umferðarlíkani yst á norðanverðu Reykjanesi. Grænar tölur eru skv. umferðarbanka en bláar skv. umferðarlíkani.

### 3.3 Helstu niðurstöður

Í þessum áfanga verkefnisins er helsta niðurstaðan sú að veruleg bæting hefur orðið á líkaninu. Meðalfrávik frá talningum frá öllum talningarstöðum hefur lækkað úr 20 bílum í 12 bíla og mesta frávik hefur lækkað úr 242 bílum í 82 bíla. Meðalhluftallsfrávik hefur jafnframt lækkað úr 4.0% í 1,7% og mesta hlutfallsfrávik hefur lækkað úr 35% í 13%. Þannig spanna frávikin mun þrengra bil en áður en líkt og sjá má á mynd 3.1 liggja langflest frávikin á bilinu -1.0% til 1.0%.

Það er tvennt sem má þakka þessa bætingu, annarsvegar var lögð mikil vinna í fínstillingu líkansins, m.a. þannig að aksturshraði í líkaninu endurspeglaði sem best raunverulegan aksturshraða. Líkanið er mjög næmt fyrir breytingum á aksturshraða og ræður það hvað mestu um leiðaval. Hinsvegar eru það nýjar talningar en í talningum fyrir árið 2012 hafa bæst við talningar á nokkrum vegum sem komu illa út í fyrra verkefninu, m.a. vegna þess að þar vantaði talningar.

#### 4 Niðurstöður

Helstu niðurstöður verkefnisins eru að náðst hefur enn betri árangur í að meta umferð á þjóðvegum með hjálp umferðarlíkans og líkanið er orðið mun betra en áður. Nálgun líkansins við umferðartalningar er orðin mjög góð, og meðalfrávik frá þeim talningum sem lagðar eru til grundvallar er einungis 12 bílar og meðalprósentufrávik 1,7%. Þetta verður að teljast góður árangur þegar um er að ræða umferðarlíkan fyrir jafn stórt veganet og þjóðvegakerfi Íslands. Þetta staðfestir jafnframt gæði umferðartalninga Vegagerðarinnar en eins og áður hefur verið lýst byggir aðferðin sem umferðarlíkanið notar til að dreifa umferðinni á því að talningar geti verið í innbyrðis ósamræmi, þ.e. talningar eru meðhöndlaðar sem svokallaðar slembnar breytur. Svona lágt frávik frá talningum myndi aldrei nást ef mikið innbyrðis ósamræmi væri milli talningarstaða. Líkanið myndi einfaldlega ekki ná að stilla umferðina nægjanlega vel af þannig hún passaði við talningarnar nema frávikin væru þeim mun hærri.

Í upphaflegu vinnuáætlun verkefnisins var gert ráð fyrir að metin yrði sérstaklega sumardagsumferð (SDU) og vetrardagsumferð (VDU). Hins vegar, þar sem rannsóknarsjóðnum reyndist ekki unnt að styrkja verkefnið einsog upphafleg verkáætlun gerði ráð fyrir reyndist nauðsynlegt að draga úr umfangi verkefnisins. Því var ákveðið að sleppa þeim þætti og meta einungis ársdagsumferð (ÁDU) líkt og gert var í fyrria verkefninu en leggja í staðinn meiri vinnu í fínstillingar á líkaninu.

Það er einlæg von höfunda að afrakstur þessa verkefnis geti bætt við þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru í starfsemi Vegagerðarinnar þar sem fjallað er um umferðarmagn og samsetningu umferðar, t.d. við arðsemismat, hönnun, viðhald og áætlanagerð.

## 5 Frekari rannsóknir

Líkanið keyrir orðið með ásættanlegri nákvæmni mjög víða á vegum úti á landi. Því væri mjög áhugavert að efna til framhaldsrannsókna til frekari fínstillinga til að bæta enn frekar dreifinguna hjá og um helstu þéttbýlisstaðina. Að sögn Friðleifs Inga er er umferðarbankinn hvað slakastur í og við þéttbýlisstaðina vegna þess hversu lítið er til af talningum á þeim slóðum. Ýmsar ástæður eru fyrir því að erfiðlega hefur gengið að afla talninga innan þéttbýlisstaða, m.a. hafa verið brögð að því að átt hafi verið við talningarbúnaðinn eða hann ekki fengið að vera í friði af einhverjum ástæðum.

Næsta mál á dagskrá í þróun líkansins er því klárlega að afla og fjölga talningum innan helstu þéttbýlisstaða, a.m.k. staða við Hringveginn. Til að mynda hafa verið í gangi talningar á Hringveginum gegnum Akureyri frá því í mars á þessu ári, á vegkaflanum milli Strandgötu og Kaupvangsstrætis, auk þess sem reglulegar talningar hafa verið framkvæmdar við Borgarbraut. Þessar talningar gætu bætt verulega dreifingu umferðar um Akureyri í líkaninu en þar er einmitt stærsta misræmið milli líkans og banka yfir allt landið.

Nota mætti líkanið að meta umferð á fyrirhuguðum vegum og hjáleiðum. Þar mætti nefna nýja veglínu framhjá Selfossi um nýja Ölfusárbrú. Vegagerðin hefur áætlað umferð um nýja brú og því væri mjög áhugavert að sjá hvað líkanið myndi áætla mikla umferð þar. Önnur tilfelli sem áhugavert væri að skoða eru t.d. nýr vegur um Svinavatnsleið og möguleg áhrif þeirrar veglagningar á umferð um Blönduós, uppbyggður heilsársvegur um Öxi og áhrif hans á umferð um suðurfirði. Líkanið gæti þannig í fyllingu tímans orðið mikilvægt verkfæri til að meta umferð um fyrirhugaðar veglínur og áhrif á nærliggjandi vegi.

Þegar verkefnið var skilgreint var upphaflega áætlað að meta sérstaklega sumar- og vetrardagsumferð (SDU og VDU) en svo reyndist nauðsynlegt að skera þann þátt niður og byggja eingöngu á ársdagsumferð (ÁDU.) Þetta væri engu að síður mjög áhugaverð rannsókn og fyllsta ástæða til að framkvæma hana. Við mat á vetrarumferð myndu t.d. fjallvegir sem lokast iðulega að vetri detta út þannig umferð myndi færast á aðrar leiðir. Mat á sumarumferð mætti t.d. nýta til að leggja mat á ferðamannaumferð o.fl.

Önnur notkun á líkaninu sem er ekki síður áhugaverð er gerð framtíðarspár fyrir umferð. Nú þegar líkanið skilar orðið ásættanlegri nálgun við núverandi ástand liggur beint við að nota það til að spá fram í tímann. Vegagerðin hefur nýlega lagt fram umferðarspá 2012-2060 og mætti hugsa sér að nota líkanið til að reikna umferð á vegum út frá þeim niðurstöðum sem þar koma fram.

**6 Heimildir**

VSÓ Ráðgjöf (2006), *Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins*, Rannsóknarverkefni fyrir Vegagerðina 2005.

VSÓ Ráðgjöf (2007), *Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins - framhaldsverkefni*, Rannsóknarverkefni fyrir Vegagerðina 2006.

VSÓ Ráðgjöf (2011), *Pungaumferð á þjóðvegum – áfangaskýrsla 2. áfanga*, Rannsóknarverkefni fyrir Vegagerðina 2011.

VSÓ Ráðgjöf (2013), *Landslíkan - Dreifilíkan á landsvísu*, Rannsóknarverkefni fyrir Vegagerðina 2013.

## 7 Viðauki

### 7.1 Talningar

Frá Vegagerðinni fengust 404 talningar frá árinu 2012. Víða eru talningar í hvora átt og eftir akreinum þannig talningarstaðir eru 324.

Vegnr.	Stöð	Lýsing	Tegund teljara	ADU
1-a1	7756	Hringvegur: Við Lómagnúp	Veðurstöðvar	395
1-a6	10995	Hringvegur: Um Eldhraun, akrein til vesturs	Umferðargreinir	236
1-a6	10995	Hringvegur: Um Eldhraun, akrein til austurs	Umferðargreinir	251
1-b1	209	Hringvegur: Á Mýrdalssandi	Veðurstöðvar	389
1-b4	3831	Hringvegur: Reynisfjall	Veðurstöðvar	794
1-b5	6933	Hringvegur: Við Pétursey, akrein til vesturs	Umferðargreinir	342
1-b5	6933	Hringvegur: Við Pétursey, akrein til austurs	Umferðargreinir	336
1-b7	2930	Hringvegur: Við Steina undir Eyjafjöllum	Veðurstöðvar	771
1-b8	1244	Hringvegur: Við Hvamm undir Eyjafjöllum	Veðurstöðvar	791
